

og ákvæði í fjallskilareglugerð fyrir Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavík nr. 207/1974, sem varða þau sveitarfélög í Suður-Þingeyjarsýslu, sem aðild eiga að samþykkt þessari.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 12. apríl 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

## SAMÞYKKT

### bæjarstjórnar Neskaupstaðar um útivistartíma barna og unglinga í Neskaupstað.

1. gr.

Útivistartími barna og unglinga í Neskaupstað skal vera sem hér segir:

	Sunnudaga til fimmtudaga		föstudaga og laugardaga	
	Vetur:	Sumar:	Vetur:	Sumar:
6 ára (1. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
7 ára (2. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
8 ára (3. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
9 ára (4. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
10 ára (5. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 21.00	til kl. 22.00
11 ára (6. bekkur)	til kl. 21.00	til kl. 23.00	til kl. 22.00	til kl. 23.00
12 ára (7. bekkur)	til kl. 21.00	til kl. 23.00	til kl. 22.00	til kl. 23.00
13 ára (8. bekkur)	til kl. 23.00	til kl. 24.00	til kl. 24.00	til kl. 24.00
14 ára (9. bekkur)	til kl. 23.00	til kl. 24.00	til kl. 01.00	til kl. 01.00
15 ára (10. bekkur)	til kl. 23.00	til kl. 24.00	til kl. 01.00	til kl. 01.00

Vetrartími samkvæmt ofangreindu er frá 1. september til og með 30. apríl, en sumartími frá 1. maí til og með 31. ágúst.

2. gr.

Aldursmörk samkvæmt þessum reglum miðast við fæðingarár.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur sett skv. 57. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytinu, 10. apríl 1996.*

**Páll Pétursson.**

*Anna G. Björnsdóttir.*